



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝSKÖPUNARVERÐLAUNIN VEITT

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag. Verðlaunin hlutu Gonzalo Patricio Eldredge Arenas og Heiðar Snær Ásgeirsson fyrir verkefnið *Umhverfisvænt sementslaust ALSiment steinlím*. Báðir eru þeir meistaranemar, Heiðar Snær í efnaverkfræði við DTU Tækniháskólann í Danmörku en Gonzalo nemur jarðhitaverkfræði við Háskóla Íslands.

Verkefnið sýnir fram á fýsileika þess að nota sementlaust steinlím sem bindiefni fyrir steypu, til að draga úr kolefnisspori í byggingariðnaði. Um 7–8% af losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum stafar af framleiðslu sements. Sementslaust steinlím er hins vegar hægt að framleiða úr hliðarafurðum frá þungaiðnaði, en einnig frá náttúrulegum efnum eins og jarðhitakísli og eldfjallaösku, sem eru sérstaklega aðgengileg á Íslandi.

Nýsköpunarverðlaunin eru veitt þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt voru af Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2023. Alls voru sex öndvegisverkefni tilnefnd til verðlaunanna og hlutu þau öll viðurkenningu á Bessastöðum í dag:

- **Greiningarkerfi fyrir heilsugæsluna – Einkenni.is:** Baldur Olsen og Kári Steinn Hlífarsson tölvunarfræðinemar og Magnús Friðrik Helgason, nemi í hugbúnaðarverkfræði, allir við Háskólann í Reykjavík.
- **Nýsköpun fyrir snemmgreiningu brjóstakrabbameina:** Magnús Gauti Úlfarsson, nemi í lyfjafræði við Háskóla Íslands.
- **Rauntíma sjávarfalla- og sjávarhæðarspá við Ísland:** Rakel María Ellingsen Óttarsdóttir, nemi í hagnýtri stærðfræði við Háskóla Íslands.
- **Stjórn DNA metýlunar í ísóformnotkun í taugaproska:** Katrín Wang, læknanemi við Háskóla Íslands.
- **Umhverfisvænt sementslaust ALSiment steinlím:** Heiðar Snær Ásgeirsson, nemi í efnaverkfræði við DTU Tækniháskólann í Danmörku, og Gonzalo Patricio Eldredge Arenas, nemi í jarðhitaverkfræði við Háskóla Íslands.
- **Viðbrögð við áreitni innan lögreglu:** Sólveig María Thomasdóttir, nemi í hagnýtri jafnréttisfræði við Háskóla Íslands.

Lýsingu á hverju verkefni má finna á [vef Rannís](#) – Rannsóknarmiðstöðvar Íslands.

18. janúar 2024

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540-4400) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta Íslands (895-8885).